

## JARÐ 2BB05

### Jarðfræði Íslands

Áfanginn er kjarnaáfangi á náttúrufræðibraut.

Undanfarar: JARÐ1AA05

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga: JARÐ3CS05

#### **Stutt lýsing á efni áfangans:**

Áfanginn fjallar um áhrif innrænna og útrænna afla á yfirborð jarðar. Fjallað er um myndun og flokkun bergs, orsök jarðskjálfta og brotalínur, kvikumyndun, eldvirkni og eldstöðvar og mótun landslags af völdum útrænna afla. **Umfjöllun tekur sérstakt mið af jarðfræði Íslands.** Áhersla er á verklegar æfingar, bæði í kennslustofu og úti í náttúrunni.

#### **Nokkur lykilhugtök áfangans:**

Bergfræði jarðar: myndun bergs, steindir, storkuberg, íslenskar bergtegundir, berggreining.

Jarðskjálftar: upptök jarðskjálfta, jarðskjálftabylgjur, jarðskjálftamælingar, brotalínur og sprungureinar.

Eldvirkni: eldvirkni á jörðinni og Íslandi, gosbelti, eldgos og eldstöðvar, gos í jökli og sjó, móbergsfjöll.

Landmótun: jökulrof, hvalbök, dalir og firðir, árrof, skessukatlar, gil og gljúfur, sjávarrof, strendur og sjávarbjörg.

#### **Námsmat:**

Áfanganum lýkur með lokaprófi. Einnig eru verkefni og áfangapróf metin til lokaekunnar.

---